

## Peningamál 2020/2<sup>1</sup>

Efnahagshorfur í heimsbúskapnum virtust vera að glæðast í byrjun þessa árs en það breyttist skyndilega þegar COVID-19-farsóttin tók að breiðast út um heimsbyggðina. Til að hemja faraldurinn hafa stjórnvöld um allan heim gripið til víðtækra aðgerða. Svæðum hefur verið lokað, fjöldsamkomur bannaðar, ferðalög innanlands og milli landa takmörkuð og landamærum lokað. Þessar aðgerðir hafa valdið gríðarlegum usla í heimsbúskapnum og leiða til dýpri samdráttar í heiminum en sést hefur á friðartímum frá kreppunni miklu á fjórða áratug síðustu aldar.

Kreppan nú er einnig einstök að því leyti að hún hefur leitt til nánast algerrar stöðvunar á hluta efnahagsstarfseminnar og haft veruleg áhrif á lífsmáta stórs hluta mannkyns sem hefur sætt útgöngubanni eða svipuðum takmörkunum um nokkurn tíma. Óvissan um hvenær efnahagsmsvif taka að færast nær eðlilegu ástandi er því óvenju mikil og framhaldið mun ekki síst ráðast af því hvernig tekst til við að ráða niðurlögum farsóttarinnar.

Efnahagshorfur hafa tekið algerum stakkaskiptum hér á landi eins og í öðrum löndum. Í stað tæplega 1% hagvaxtar eins og spáð var í febrúarhefti *Peningamála* er nú gert ráð fyrir 8% samdrætti í ár sem yrði mesti árssamdráttur hér á landi í heila öld. Þar vegur þungt að talið er að liðlega 80% færri ferðamenn komi til landsins í ár en í fyrra. Útflutningur í heild dregst því saman um tæplega þriðjung sem yrði mesti samdráttur útflutnings á einu ári frá upphafi þjóðhagsreikninga hér á landi. Atvinnuleysi eykst verulega og nær hámarki í um 12% á þriðja fjórðungi í ár. Talið er að það verði tæplega 9% að meðaltali á árinu öllu sem er mesta atvinnuleysi frá upphafi mælinga og nokkru meira en það var í kjölfar fjármálakreppunnar fyrir áratug.

Samkvæmt grunnsþánni taka efnahagsmsvif smám saman að færast í eðlilegt horf á seinni hluta þessa árs en gert er ráð fyrir að erlendir ferðamenn fari ekki að koma til landsins að ráði fyrr en á næsta ári. Vegna mikils efnahagssamdráttar í ár og þess slaka sem myndast í þjóðarbúinu af hans völdum eru horfur á kröftugum hagvexti á næsta ári en það er að því gefnu að það takist að ráða niðurlögum farsóttarinnar og vinda ofan af þeim lokunaraðgerðum sem hafa verið í gildi.

Þrátt fyrir að spáð sé ágætum hagvexti á næstu tveimur árum er útlit fyrir að farsóttin valdi þjóðarbúinu langvinnum skaða. Gangi spáin eftir yrði landsframleiðslan í lok spátímans u.þ.b. 6% undir því sem spáð var í febrúar eða sem samsvarar um 180 ma.kr. Um þetta er hins vegar veruleg óvissa.

Nýleg lækkun á gengi krónunnar veldur því að verðbólga verður heldur meiri á næstu mánuðum en spáð var í febrúar, þótt áfram sé talið að hún verði við eða undir verðbólguþröngmiði Seðlabankans. Á móti áhrifum lægra gengis vegur mikil lækkun alþjóðlegs olíuverðs og þá hefur alþjóðlegt matvæla- og hrávöruverð almennt lækkað þótt verð sumra vara hafi hækkað vegna ýmiss konar framleiðsluvanda og skorts. Þegar líður á þetta ár fara hins vegar áhrif mikils slaka sem myndast hefur í þjóðarbúskapnum að vega þyngra og því er spáð að verðbólga verði undir 2% á seinni hluta spátímans.

1. Greiningin í þessum *Peningamálum* byggist á gögnum sem lágu fyrir um miðjan maí. COVID-19-farsóttin hefur haft áhrif á starfsemi Seðlabanka Íslands eins og annarra fyrirtækja og stofnana. Máhefti *Peningamála* birtist því að þessu sinni með breyttu og styttra sniði en áður. Vegna mikillar óvissu um áhrif farsóttarinnar á efnahagshorfur eru að þessu sinni jafnframt birtar spár um færri efnahagsstærðir í spáviðauka en að jafnaði.